

Æskulýðsstarf Hestamannafélagsins Andvara



Skýrsla starfsársins 2010

Í æskulýðsnefnd Andvara eru eftirtaldir árið 2010:

Formaður: *Hrafnhildur Pálsdóttir*

Gjaldkeri: *Lárus Finnbogason*

Aðrir nefndarmenn:

Ásrún Óladóttir

Guðrún Helga Jóhannsdóttir

Haraldur Pétursson

Hlíf Sturludóttir

Hulda Rúriksdóttir

Sigríður Óladóttir

Sigurður Ólafsson

Sævar Guðbergsson

Æskulýðsnefndin hittist mánaðarlega frá því í nóvember til að skipuleggja starfið. Fyrsta verkefni vetrarins var að halda hina árlegu Uppskeruhátíð

Uppskeruhátíðin var haldin sunnudaginn 13. desember 2009 þar sem efnilegasta stúlkan Guðlaug Jóna Matthíasdóttir og efnilegasti pilturinn Arnar Heimir Lárusson voru afhentar viðurkenningar. Þessir knapar hafa verið dugleg við útreiðar og tekið þátt í hinum ýmsu mótum, bæði hjá Andvara og á öðrum opnum mótum, með góðum árangri. Einnig hafa þau tekið þátt í félagsstörfum hjá hestamannafélaginu Andvara og aðstoðað við mót og aðra viðburði hjá félaginu.



Námskeiðahald

Kynningarfundur á námskeiðum vetrarins var haldinn um leið og uppskeruhátíðin og skráning var 16. desember.

Æskulýðsnefndin stóð fyrir eftirfarandi námskeiðum: Pollanámskeið fyrir yngstu börnin, Krakkanámskeið, Knapamerki 1 – 4, keppnisnámskeið og Smalanámskeið.

Mikil aukning var í þátttöku á námskeiðunum og þá sérstaklega hjá yngri krökkunum

Reiðkennararnir Ragnheiður Samúelsdóttir og Þórdís Anna Gylfadóttir sáu um kennsluna s.l. vetur.

Garðabær styrkti æskulýðsstarfið rausnarlega og var stór hluti af því notaður til að niðurgreiða námskeiðin.

Pollanámskeiðið var ætluð yngsta aldurshóp hestamennskunnar. Námskeiðið var 8 skipti og það voru fimm sem nýttu sér það.



Krakkanámskeiðið var ætlað þeim sem lengra eru komnir en hafa ekki aldur til að fara á knapamerkjánámskeið, en aldurstakmark þar er 12 ár. Námskeiðið var 8 skipti og og voru 22 krakkar á því.



Polla- og krakkanámskeiðunum lauk með Prautabrautadeginum ógurlega eða „Hesta-WipeOUT“ sem haldið í reiðhöll Andvara. Þátttakendur á þessum námskeiðum og aðstandendur þeirra voru almennt mjög ánægðir með fyrirkomulag og kennsluna

Keppnisnámskeið var í boði fyrir börn, unglinga og ungmenni í Andvara og voru ætluð til að styðja við bakið á þeim sem vildu styrkja stöðu sína á því sviði og undirbúa sig og hesta sína fyrir keppnir.

Námskeiðið hófst í byrjun febrúar fór fram í reiðhöll Andvara. 15 þátttakendur voru á þessu námskeiði og voru þrír í hverjum hóp.



Knapamerki . Boðið var upp á kennslu í knapamerkjunum vinsælu í vetur. Kennslan fór fram í verklegum tímum í reiðhöll Andvara og bóklegum tímum í félagsheimili Andvara.

Fimm tóku knapamerki 1, Fjórir tóku knapamerki 1 og 2 Fjórir kláruðu knapamerki 3 og tveir knapamerki 4.



Smalinn er spennandi og skemmtileg keppnisgrein fyrir alla hestamenn. Ekki er gert kröfur um hreinleika gangtegunda eða stillingu . Greinin gerir miklar kröfur til, fimi og hraða og skyn hestsins fyrir ábendingum. Þau eru einmitt þau atriði sem mikilvægust eru í smalamennsku og því hefur þessi keppnisgrein hlotið nafn sitt Smali.

Boðið var upp á helgarnámskeið í Smalanum sem lauk með keppni milli þeirra sem sóttu námskeiðið.

Fjáröflun

Unga fólkinu í félaginu stóð til boða að taka þátt í að selja spón í samvinnu við Feng ehf. sem styrkti þau með því að gefa þeim 50 balla sem þau máttu selja og fengu síðan sölulaun fyrir það sem þau seldu umfram það. Salan gekk vel hjá þeim sem tóku þátt.



Einnig vóum við í æskulýðsnefnd með þrisvar sinnum með kaffisölu yfir veturinn. Þegar Ísólfur Líndal, tamningamaður og reiðkennari við Hólaskóla, var með sýnikennslu á vegum Félags tamningamanna í reiðhöllinni á Kjóavöllum, á opnu þrígangsmóti Andvara og þegar bikarkeppni á milli hestamannafélaga á höfuðborgarsvæðinu var haldin í reiðhöll Andvara

Fatabasar var haldinn laugardaginn 17.janúar í félagsheimili Andvara. Þar var í boði lítið notaður og /eða vel með farinn hestafatnaður í ýmsum stærðum á algjöru lágmarksverði.

Polladagur var haldinn sunnudaginn 7.mars í reiðhöll Andvara. Þar komu upprennandi hestamenn saman og léku sér í hoppukastala og ýmsum leikjum ásamt því að fá grillaðar pylsur og gos.

Pizzakvöld voru tvisvar sinnum yfir veturinn og var tilgangurinn með þeim að efla félagsandann hjá krökkunum.

Fyrirlestur. Þórdís Anna Gylfadóttir með fræðslukvöld um gæðingardóma, þar sem hún fór yfir lög og reglur gæðingadóma .

Æskan og hesturinn



Haraldur Pétursson og Sigurður Ólafsson voru fulltrúar Andvara við uppsetningu sýningarinnar Æskan og hesturinn sem nú er orðinn árlegur viðburður. Sýningin var vegleg að vanda og eiga þeir fjölmörgu einstaklingar sem í sjálfböðavinnu stóðu að uppsetningu sýningarinnar hrós skilið.

Hvert félag þurfti að velja knapa og hesta í 4 atriði:

1. Fánareið
2. Grímureið yngstu knapa
3. Yngri sýningarhóp fyrir báðar sýningar á sunnudeginum
4. Eldri sýningahóp fyrir allar sýningarnar



5.



Í ár var ekki höfð sérstök úrtaka heldur var öllum sem höfðu áhuga á því að taka þátt leyft að vera með og var ánægjuleg hvað mörg ný andlit bættust í hópinn. Æfingar hófust í lok janúar fyrir eldri sýningahópinn og voru einu sinni í viku í reiðhöllinni á Kjóavöllum fram að sýningu og var mikil stemmning meðal krakkanna. Hópurinn samanstóð af 14 krökkum og krafðist mikillar samhæfingar sem tóks mjög vel. Ragnheiður Samúelsdóttir sá um æfingarnar. Í ár var brúðkaupspema og tóku krakkarnir mikinn þátt í að semja atriðið.

Sýningin sjálf fór fram helgina 13. – 14. mars 2009 og sýningarnar gengu mjög vel.



Æskulýðsleikarnir



Æskulýðsleikarnir eru orðnir að árlegum viðburði hjá félaginu. Úrvalseldhús var styrktaraðilar að mótinu.

Leikarnir voru haldnir 1.maí og 46 keppendur voru skráðir til leiks í þetta skiptið.

Börn, unglingar og ungmenni kepptu á hringvellingnum í formi gæðingakeppni og máttu þátttakendur mæta með fleiri en einn hest til að sjá hvernig þeir myndu skora.

Pollaflokkur var inni í reiðhöll og fengu allir pollarnir verðlaunapening fyrir þátttöku og

umsögn dómara.

Við mótslok var boðið upp á grillaðar pylsur og gos við reiðhöllina þar sem verðlaunaafhending fór einnig fram



Sala á félagsjökkum

Æskulýðsnefndin gerði samning við Lífland um shoft shell jakka sem voru merktir félaginu. Þetta var gert fyrir þá sem stefndu á Landsmót bæði keppendur og aðra félagsmenn.

Æskulýðsnefndin niðurgreiddi jakkana fyrir unga fólkið í félaginu og þurftu þau aðeins að greiða 5.000 krónur fyrir jakkann.

Fullorðna fólkinu í félaginu var einnig gefinn kostur á að kaupa jakka á góðu verði.

Salan gekk vel og seldust rúmlega 70 jakkar



Umhverfisdagurinn 21. apríl

Umhverfisnefnd Andvara leitaði til æskulýðsnefndar um aðstoð á því að fegra umhverfið með tiltekt. Margir duglegir krakkar mættu og aðstoðuðu foreldra sína við að hreinsa upp rusl sem hafði safnast yfir veturinn. Eftir mikið hreinsunarstarf var boðið upp á pizzur og gos.



Krakkarnir okkar voru mjög dugleg að mæta á opin mót í vetur og sumar og stóðu sig með þryði á þeim.